

**Leikskóladeild Bláskógaskóla á
Laugarvatni óskar eftir kennara til starfa
sem getur komið í fullt starf til okkar sem
fyrst.**



Í leikskólanum er lögð rík áhersla á lýðræði, félagsfærni, samvinnu, útinám og samstarf milli skólastiga. Leikskólinn horfir einnig til Reggio Emilia í starfi sínu. Því leitum við að kennara sem hefur einlægan áhuga á börnum, námi þeirra, þroska og setur barnið ávallt í fyrsta sæti.

Sveigjanleiki, jákvæðni og hugmyndaauðgi eru þættir sem við leggjum áherslu á í fari starfsmanna. Mikilvægast af öllu er þó að hafa gaman af því að starfa með börnum og eiga í jákvæðu samstarfi við samstarfsfólk.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is eða í síma 868-3035.